

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum tveimur sveitarfélögum.

Íbúar beggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyrja þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjóra skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. mars 2002.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar, nr. 75/1999.

1. gr.

Í stað „11“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

2. gr.

Í stað „fimm“ í 44. gr. kemur: þrjá.

3. gr.

Í stað „Fimm“ í 1. tölul. A-liðar 57. gr. kemur: Þrír.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. mars 2002.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.